

Ár 1997, miðvikudaginn 24. júní, var í málinu nr. 13/1996 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 4. nóvember 1996 kærir Hinrik A. Þórðarson, kt. 130409-2109, sem eigandi jarðanna Útverka og Miðbýlis í Skeiðahreppi, Árnassýslu, úrskurð Fasteignamats ríkisins frá 24. október 1996 um fasteignamat jarðanna.


Jarðirnar voru byggðar Einari Þorkelssyni, kt. 310825-4259, í erfðaábúð samkvæmt byggingabréfi frá 19. maí 1983. Mál sem varðaði ágreining um kauprétt Einars að jörðunum var rekið fyrir dómstólum. Þann 2. maí 1997 var í Hæstarétti kveðinn upp dómur í málinu nr. 287/1996: Einar Þorkelsson gegn Hinriki Andrésí Þórðarsyni. Dómsorð er svohljóðandi:


“Stefndi, Hinrik Andrés Þórðarson, skal gefa út afsal til áfrýjanda, Einars Þorkelssonar, fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli á Skeiðum í Árnassýslu með öllum mannvirkjum, ræktun, gögnum og gæðum, sem fylgja ber að engu undanskildu, innan 15 daga frá uppsögu þessa dóms að viðlögðum 10.000 króna dagsektum til áfrýjanda fyrir hvern dag, sem útgáfa afsals dregst umfram það. Gegn útgáfu afsals skal áfrýjandi afhenda stefnda skuldabréf að fjárhæð 6.723.978 krónur, sem greiðast skal án vaxta og verðbóta á sex árum með jöfnum árlegum afborgunum 1. júní ár hvert, í fyrsta skipti 1. júní 1996. Gjaldfallin afborgun er án vaxta til þess dags, er dómurinn verður aðfararhæfur, en skal eftir það bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.”


Afsal fyrir jörðunum Útverkum og Miðbýli til Einars Þorkelssonar er gefið út 15. maí 1997 í samræmi við dóm Hæstaréttar en í afsali kemur fram að kaupverð þeirra er að fullu greitt. Kærandi er því ekki lengur eigandi þeirra eigna sem kærán varðar og ekki verður séð að hann geti átt verulega hagsmuni í matsverði þeirra, sbr. 21. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt því og með hliðsjón af 24. gr. sömu laga ber að vísa máli þessu frá nefndinni.

ÚRSKURÐARORÐ

Framangreindri kæru er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd.


Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Guðmundur Magnússon